

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/354
komudagur 2.12.2006
NOB/35



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Norðurorka hf. vísar til umsagnarbeiðni háttvirtrar umhverfisnefndar þar sem óskað er umsagnar fyrirtækisins um mál nr. 235, frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breyt., á þskj. 241.


Norðurorka hf. gerir eftirfarandi almennar athugasemdir við frumvarpið.

Varað er við þeirri tilhneigingu að auka stöðugt við þær kröfur sem gerðar eru við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þessa sér stað í framkvæmd nágildandi laga og að sumu leyti í frumvarpinu. Ávallt ætti að taka mið af þeirri framkvæmd sem í er ráðist þannig að kostnaður við mat á umhverfisáhrifum hennar verði í eðlilegu hlutfalli við heildarkostnað af framkvæmdinni.

Jafnframt skal bent á að mun betra væri að gefa samráðsferli umsækjanda og umsagnaraðila, ekki síst Skipulagsstofnunar, meira vægi en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Norðurorka hf gerir umsögn Samorku, samtaka raf-hita-og vatnsveitna, að sinni bæði almenna umsögn og athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

Akureyri 1. desember 2004.
Virðingarfyllst.


Franz Arnason forstjóri.